



# VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Administration of occupational safety and health

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1322  
komudagur 5.3.2001

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Þórshamri v/ Templarasund

150 REYKJAVÍK

Dags./Date:

01.03.01

Tilvísun/Reference:

01-0142


000.21


## Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996

Í umsögn Vinnueftirlitsins sem dagsett var 08.02.01 féll niður umsögn um 7 gr. b. Þar segir m.a. „Þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak. Heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði getur veitt tímabundna undanþágu frá þessu ákvæði um aldersmark. Heilbrigðis – og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur um aldersmark.”

Mál er lúta að aðbúnaði og hollustuháttum við vinnu og í vinnuhverfi eru á sviði Vinnueftirlitsins. Það gildir einnig um sölu og afgreiðslu á vörum þ.m.t. tóbaki og um vinnu barna og ungmenna. Vinnueftirlitið telur mjög hæpið að lagatextinn bjóði upp á undanþágu frá þessu ákvæði. Vinnueftirlitið telur að það sé rangt að börn séu sett í þá ábyrgð og þar með hættu að selja varning eða vöru sem þau mega ekki sjálf kaupa. Ef lagatextinn, bíður upp á einhverjar undanþágur, sem er óheppilegt, teljum við að Vinnueftirlitið ætti að koma að veitingu þeirra.

Virðingarfyllt

  
Kristinn Tómasson, yfirlæknir

  
Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri